

frýjaða dóm í aðalefni hans. Málskostnaður fyrir hjeradsrjetti, er áfrýjanda ber að greiða stefnda, ákveðst 30 kr., en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Þvi dæmist rjett vera:

Afrýjandinn, Arnljótur prestur Ólafsson, greiði stefnda Björgólfi Brynjúlfssyni 36 — þrjátíu og sex — krónur með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 21. apríl 1893 til borgunardags. Svo greiði áfrýjandinn og stefnda málskostnað í hjeradi með 30 — þrjátíu — krónum, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 12. júlímánaðar.

Nr. 1/1897:

Valdimar Ásmundarson
 gegn
 Pálma Pálssyni.

Dómur:

Mál þetta, sem Pálmi Pálsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík, höfðaði fyrir bæjarþingi gegn ritstjóra Valdimar Ásmundarsyni út af grein einni í blaði hans »Fjallkonunni«, sem Pálmi Pálsson taldi meidandi og móðgandi fyrir sig, var dæmt 12. dag nóvembermán. f. á. með þeim úr-

slitum, að Valdimar Ásmundarson var dæmdur í 30 kr. sekt til landssjóðs og nokkur hinna átöldu ummæla dæmd dauð og ómerk. Svo var honum og gjört að greiða Pálma Pálssyni málskostnað með 15 kr., eins og líka að lúka 8 kr. sekt í landssjóð fyrir óparfa þrætu samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819.

Þessum dómi hefur Valdimar Ásmundarson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu, dagsettri 2. janúar 1897, og krafizt, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum og kærum stefnda í þessu máli og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi að skadlausu eða með einhverju nægu eptir álití rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða hæfílegan málskostnað eptir rjettarins mati.

Hinn 25. ágústinán. f. á. skrítaði stjórñ fornleifafjelagsins, en í henni er meðal annara áfrýjandi þessa máls, brjef til stíptsyfirvaldanna, og kvartaði yfir því, að Pálmi Pálsson, kennari við lærða skólann, sem undanfarin ár hefði veitt »forngripasafninu« ágæta forstöðu, væri sviptur þeirri sýslan, en hún skipuð öðrum manni miður hæfum. Þetta brjef var birt í blaðinu »Ísafold« 29. ágúst s. á. Hinn 1. septbr. næst eptir birtist grein í »Fjallkonunni«, undirskrifuð af áfrýjanda með fyrirsögn »Umsjón forngripasafnsins«; segir meðal annars í nefndri grein, að áðurnefnt brjef til stíptsyfirvaldanna sje byggt á tónum misskilningi og

ósönnum milliburði stefnda, Pálma Pálssonar, er hafi skýrt stjórn fornleifafjelagsins rangt frá mála-vöxtum, hafi blekkst fjelagsstjórnina til að skrifa undir brjefið, er ritað sje með hans (Pálma) eigin hendi og af honum samið, og ennfremur, að þótt fornleifafjelagsstjórnin að visu hefði átt að kynna sjer málið til hlítar, áður en hún skrifaði stiptyfirvöldunum, þá yrði að afsaka, þótt hún tryði frá-sögn Pálma Pálssonar, »sem hún vissi þá ekki annað en væri áreiðanlegur maður«. Loks er í greininni þessi spurning: »Vill hann (Pálmi) þá vinna það fyrir ljelegan bitling að vanrækja bæði safnið og embætti sitt?«

Þessi ummæli áleit stefndi meidandi og móðgandi fyrir sig, og höfðaði því mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, er þar hlaut þau úrslit, sem áður segir. — Hvað snerir hina síðast tilfærðu klausu: »Vill hann þá embætti sitt«, þá áleit undirdómariinn hana ósaknæma og kemur hún því ekki til álita í yfirdóminum, þar sem stefndi hefur eigi áfrýjað málinu, en um hin önnur átöldu orð og setningar greinarinnar verður yfirdómurinn að vera hjeraðsdómaranum samdóma, að þau sjeu meidandi og móðgandi fyrir stefnda, og hefur áfrýjandi ekki einu sinni leitast við að rökstyðja þau, heldur að eins haldið því fram, að þau væru ekki meidandi eða móðgandi. Yfirdómurinn verður því að fallast á, að hin meidandi og móðgandi ummæli áfrýjanda um stefnda eru dæmd dauð og ómerk og að áfrýjandi er dæmdur í sekt samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga og

virðist hún hæflega metin af undirdómaranum 30 kr., er renni í landssjóð, eða til vara 8 daga einfalt fangelsi; og með því yfirdómurinn einnig fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað og sekt fyrir óþarfa þrætu, ber að öllu leyti að staðfesta hann. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem skal ákveðinn 15 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi Valdimar Ásmundarson greiði stefnda Pálma Pálssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að vidlagri aðför að lögum.

Nr. 20/1897:

Rjettvisin

gegn

Sveini Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Barðastrandarsýslu, gengnum 26. ágústmán. f. á., var hinn ákærði Sveinn Guðmundur Sigurðsson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og braud og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans í hjeradi, Ólafs Jóhannessonar, 4 kr.

Dómi þessum hefur verið áfrýjad til lands-